

8. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 07.03. 2022 kl. 19:30 – fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfari forseti. Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Guðrún Edda setur fund og leggur fundargerð síðasta fundar fram til samþykktar og hún samþykkt með smá lagfæringum.
2. Guðrún Edda kynnir stöðu undirbúnings fyrir Vorráðstefnu DKG 7. Maí 2022
 - a) Staður: Grand hótél – Gullteigur B, hálfur salur er staðfest
 - b) Tími: kl. 10 – 16/17
 - c) Dagskrá: Menntamálanefnd hefur lagt fram tillögur að dagskrá. Guðrún Edda fer yfir hana og leggur fram tillögur um breytingar s.s. tímaáætlun. Beðið er staðfestingar frá einum íslenskum fyrirlesara og Guðrún Edda kannar verð á fyrirlesurum utan fræðsluerinda. Tillaga um að hafa samband við Sirrý Arnardóttur og Eddu Björgvins og fá verðhugmyndir frá þeim.
 - d) Veitingar: Guðrún Edda fer yfir tilboð frá hótelinu og umræður um það.
 - Ákveðið að verð á ráðstefnu verði 6000 krónur með öllum veitingum.
 - e) Streymi – ekki komið tilboð frá hótelinu. Rætt um streymi allan daginn þar sem konur sem ekki eiga heimangengt á ráðstefnuna geti fylgst með og tekið þátt í umræðum. Lagt til að hvetja konur til þess að koma saman í skólum/vinnustöðum.
 - f) Kynningar og skráning: Guðrún Edda hefur í fréttabréfi forseta beðið konur að taka ráðstefnudaginn frá og ræðir næstu skref.
 - Þátttökugjald ákveðið 6000 krónur með veitingum. Fyrirkomulag skráningar þannig að um leið og þátttökugjald er greitt er skráning gild.
 - Lagt til að konur verði beðnar um að setja nafn á deild sinni í skýringardálk greiðslunnar. Mikilvægt til að halda utan um skráninguna.
 - Umræður voru um nafnspjöld og ákveðið að nýta þau sem til eru (í kassa hjá forseta) og hafa ný tiltæk fyrir þær sem eru nýjar og eiga ekki spjöld.
 - Landssambandsstjórnin sér um að fara yfir spjöldin, raða í stafrófsröð og afhenda við móttöku.
 - Minnt á fána félagsins og Guðrún Edda sér um að nálgast hann fyrir ráðstefnuna.
 - Ákveðið að skráning hefjist 1. apríl og áætlað að þá sé dagskráin fullkláruð.

3. Guðrún Edda minnir á Evrópsku menntaerindin:

- Noregur 9. mars nk. *Global Education challenges towards 2030*", Haldis Holst.
- DKG UK – 23. Apríl 2022,
- DKG Finland - 2022 Maí (dags. Óákv.)

Guðrún Edda hefur búið til viðburði á FB til þess að minna á erindin.

4. Alþjóðleg ráðstefna DKG í New Orleans í júlí 2022

- Rætt um fjölda þátttakenda frá Íslandi og hvort heimild þurfi fyrir forseta. Landssambandsstjórninni er kunnugt um tvær konur sem ætla að sækja ráðstefnuna.
- Evrópuforseti heldur utan um evrópska hópinn.
- Guðrún Edda greinir frá kostnaði við ferðina: ráðstefnugjaldi, hóteli og flugfari. Einnig athugar hún styrk frá Alþjóðasamtökunum sem kemur á móti kostnaði Landssambandsins.
- Allar einhuga um mikilvægi þess að forseti Íslandsdeildar taki þátt í ráðstefnunni enda hefð fyrir því.

5. Fréttabréf forseta – Guðrún Edda kallar eftir ábendingum frá stjórninni um efni í fréttabréfið. Fram kom eftirfarandi:

- Minna deildir á uppstillinganefndir fyrir kosningu nýrra stjórna.
- Minna deildir á að boða aðalfund þar sem næstu stjórn er stillt upp.
- Minna á sjóði, Eygló hefur verið dugleg við það.
- Aníta segir frá fyrirhugaðri ferð sinni á námskeið DKG Ignite: Leaders Empowering Leaders sem haldið er í Austin í Texas 26.06 - 02.07. 2022.

6. Önnur mál

- Engin mál voru rædd undir þessum lið.
- Næsti fundur settur 06.04.2022

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:50

Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir